



Reykjanesbær, 17. apríl 2026

717. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn að Grænásbraut 910  
21. apríl 2026, kl. 17:00

#### DAGSKRÁ

1. Fundargerðir bæjarráðs 9. og 16. apríl 2026 (2026010008)
2. Fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs 10. og 17. apríl 2026 (2026010016)
3. Fundargerð velferðarráðs 9. apríl 2026 (2026010017)
4. Fundargerð menntaráðs 10. apríl 2026 (2026010013)
5. Fundargerð atvinnu- og hafnarráðs 16. apríl 2026 (2026010009)
6. Myllubakkaskóli – stækkun á íþróttamannvirki (2021050174)
7. Ársreikningur Reykjanesbæjar 2025 – fyrri umræða (2026040150)



## Fundargerð

1559. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,  
9. apríl 2026, kl. 08:15

### Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

1. Umsögn vegna rekstrarleyfis – GREEN SALAD STORY ehf., Aðalgata 10 (2026010260)  
Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um reksturs gististaðar í flokki II-B. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjaneshæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagna.
2. Fimleikadeild Keflavíkur - lendingardýna (2026040066)  
Lagt fram erindi frá fimleikadeild Keflavíkur um styrk til lagfæringar á lendingardýnu, áætlaður kostnaður er kr. 5 milljónir.  
Bæjarráð samþykkir beiðnina. Kostnaður fer á lykil 06-020-9220 kr.2.000.000 og lykil 21-010-9220 kr. 3.000.000.
3. Ráðstefna um málefni norðurslóða 13. maí 2026 (2026030483)  
Upplýsingar um ráðstefnu Félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst.
4. Aðalfundur Brunavarna Suðurnesja 30. apríl 2026 (2026030523)  
Lagt fram aðalfundarboð Brunavarna Suðurnesja. Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að fara með atkvæði Reykjaneshæjar á fundinum.
5. Tilkynningarskylda skógarræktar - ályktun fulltrúafundar Skógræktarfélags Íslands (2026040037)  
Lögð fram ályktun fulltrúafundar Skógræktarfélags Íslands.
6. Fjárreiður Reykjaneshæjar (2025040024)  
Regína Fanný Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mætti á fundinn og fór yfir fjárstreymi og stöðu fjárfestinga sveitarfélagsins.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:05



## Fundargerð

1560. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,  
16. apríl 2026, kl. 08:15

### Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir og Sigurrós Antonsdóttir.

Að auki sátu fundinn Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll, Sigurrós Antonsdóttir sat fyrir hana.

\* \* \*

### 1. Ársreikningur Reykjaneshæjar 2025 (2026040150)

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri sat fundinn undir þessu máli í gegnum fjarfundabúnað.

Regína Fanný Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs og Þorgeir Sæmundsson deildarstjóri reikningshalds mættu á fundinn.

Lögð fram drög að ársreikningi Reykjaneshæjar 2025.

Bæjarráð vísar ársreikningi í endurskoðun og til fyrri umræðu í bæjarstjórn 21. apríl 2026.

### 2. Svítur við Myllubakkaskóla (2026030446)

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs og Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mættu á fundinn.

Lagðar fram þarfagreiningar og rökstuðningur um áframhaldandi notkun á svítum sem verið hafa í notkun við Myllubakkaskóla.

Bæjarráð samþykkir framlagðar tillögur og felur deildarstjóra eignaumsýslu að vinna málið áfram.

### 3. Listamaður Reykjaneshæjar (2026020506)

Guðlaug María Lewis menningarfulltrúi mætti á fundinn.

Lagðar fram umsagnir menningar- og þjónusturáðs vegna vals á listamanni Reykjaneshæjar 2026-2030.

Bæjarráð hefur samþykkt 5-0 val á listamanni Reykjaneshæjar 2026-2030 og verður valið tilkynnt við hátíðardagskrá 17. júní nk.

**4. Tímstundamiðstöð - kynning (2026030173)**

Lögð fram kynning vinnuskóla Reykjanesbæjar.

Bæjarráð samþykkir að ráða 10 ungmenni á aldrinum 16-18 ára til Vinnuskólans og 10 ungmenni á aldrinum 16-18 ára til garðyrkjudeildar í sumar í hámark 6 vikur. Hámarkslaunakostnaður á hvora deild er 6.500.000,- með launatengdum gjöldum og er ábyrgðarmönnum deildanna gert að reyna að rúma fjárhæðir innan fjárheimilda 2026. Í lok sumars þurfa ábyrgðarmenn að skila uppgjöri á sumrinu til bæjarráðs.

**5. Krakkakosning 2026 - lýðræðisleg þátttaka barna (2026040117)**

Lagt fram erindi frá umboðsmanni barna þar sem hvatt er til að sveitastjórnir og ungmennaráð standi fyrir krakkakosningum í samstarfi við nemendaráð og grunnskóla sveitarfélagsins.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að skoða möguleika á framkvæmd verkefnisins.

**6. Lilja Karen Steinþórsdóttir (Hótel Keflavík) - umsókn um tækifærisleyfi (2026030287)**

Halldóra Guðrún Jónsdóttir sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs mætti á fundinn.

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

**7. Fjölbrotaskóli Suðurnesja - umsókn um tækifærisleyfi (2026040098)**

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

**8. Jóna Helena Bjarnadóttir (Sundráð ÍRB) - umsókn um tækifærisleyfi (2026040126)**

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

**9. Aukaaðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 29. apríl 2026 (2026040152)**

Lagt fram aukaaðalfundarboð Samtaka orkusveitarfélaga.

**10. Körfuknattleiksdeild Keflavíkur - umsókn um tækifærisleyfi (2026040164)**

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:52.



## Fundargerð

386. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910  
10. apríl 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur Reynisson, Gunnar Felix Rúnarsson og Helga María Finnbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsviðs, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Erna María Svavarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Farsæld barna - aðgerðaáætlun 2026 (2023050248)

Eydís Rós Ármannsdóttir, verkefnastjóri skrifstofu velferðarsviðs, kynnti aðgerðaáætlun í innleiðingu farsældar barna í Reykjanesbæ árið 2026.

Umhverfis- og skipulagsráð þakkar fyrir greinargóða kynningu á núverandi stöðu og aðgerðaráætlun um farsæld barna í sveitarfélaginu.

### 2. Njarðarbraut milli Norður- og Suður-Fitja - deiliskipulag (2025110452)

Elín Ríta Sveinbjörnsdóttir mætti á fundinn og Andri Rafn Yeoman mætti á fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Þau kynntu drög að deiliskipulagi fyrir Njarðarbraut milli Norður- og Suður Fitja f.h. Eflu verkfræðistofu.

Umhverfis- og skipulagsráð þakkar fyrir kynningu á valkostum og drögum að deiliskipulagi fyrir Njarðarbraut milli Norður- og Suður Fitja. Ráðið hefur rýnt framkomnar tillögur um fyrirkomulag gatnamóta, stíga og almenningsgangna.

Meirihluti umhverfis- og skipulagsráðs leggur fram eftirfarandi bókun:

Meirihluti umhverfis- og skipulagsráðs fagnar því að unnið sé deiliskipulag fyrir þennan annasama vegkafla í heild sinni.

Yfirlit matsþátta og einkunnir eru lýsandi og gott er að fá skýra niðurstöðu sérfræðinga um úrlausnir á götunni.

Þá er einnig í lok skýrslunnar tiltekin tímaröð/forgangsröð framkvæmda þar sem horft er til heildarsamhengis og áfangaskiptingu sem taka mið af framtíðaruppbyggingu kerfisins í heild sinni.

Meirihluti umhverfis- og skipulagsráðs er sammála Eflu í greiningu sinni um að rétt sé og skynsamlegt að gera hringtorg við Víknaveg, við Vallarás, við Bergás og við Grænás og sammála

hægri inn/út beygju við Bolafót/Sjávargötu. Að sama skapi er meirihlutinn sammála um skipulag gönguleiða- og þverana um Njarðarbraut en telur brýnt að kannaðir séu möguleikar þess að gera gönguleið á Fitjabakka einnig.

Meirihlutinn vill þó breyta forgangsröð framkvæmda á þennan hátt:

1. Hringtorg á Njarðarbraut við Bergás og gönguleið austan Njarðarbrautar frá Fitjum að Fitjabakka og örugga þverun gangandi á Njarðarbraut
2. Hringtorg við Njarðarbraut við Grænásveg
3. Hringtorg við Njarðarbraut við Víknaveg
4. Hringtorg við Njarðarbraut við Vallarás
5. Hægri inn/hægri út við Njarðarbraut við Bolafót/Sjávargötu

Meirihlutinn telur mikilvægt að bæta aðgengi Ásahverfis að Njarðarbrautinni og tryggja örugga þverun gangandi yfir Njarðarbrautina með gerð hringtorgs við Bergás. Grænás hringtorgið fer síðan næst af stað ásamt undirgöngum í Grænásbrekku fyrir gangandi og hjólandi umferð. Með þessu fyrirkomulagi er meirihlutinn að beina sjónum sínum að því að greiða fyrir umferð inn og út úr Ásahverfinu og samhliða því að leysa umferðaröryggismál fyrir hverfið.

Telur meirihlutinn þessa forgangsröðun vera skynsamlega en þegar hefur verið samþykkt í bæjarstjórn að byggja hringtorg við Bergás.

Meirihluti umhverfis- og skipulagsráðs vill á sama tíma beina því til bæjarráðs að rýna í kostnað við að setja upp, í það minnsta til bráðabirgða, hraðahindrun á Grænásvegi við Njarðarbraut til að efla öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda um gatnamótin. Lausn til framtíðar verða undirgöng undir Grænásbrekku en hægt er að bregðast við til skemmri tíma með hraðahindrun til að hægt sé að komast örugglega yfir þessi fjölförnu gatnamót.

Róbert J. Guðmundsson (B), Eysteinn Eyjólfsson (S) og Helga María Finnbjörnsdóttir (Y).

Formaður gerir fundarhlé kl. 10:40.

Fundur aftur settur kl. 11:00.

Minnihluti umhverfis- og skipulagsráðs leggur fram eftirfarandi bókun:

Sjálfstæðisflokkur situr hjá en eru þó sammála mikilvægi þess að Njarðarbraut verði deiliskipulögð og í meginatriðum sammála tillögum Eflu.

Sjálfstæðisflokki finnst mikilvægt að leggja aðaláherslu fyrst á hringtorg við Grænás/Njarðarbraut og hanna í framhaldi tillögur að umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda bæði við Grænás og Fitjabakka og ætti sá hluti því að vera í forgangi.

Guðbergur Reynisson (D) og Gunnar Felix Rúnarsson (D).

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir 3-0 að unnið sé deiliskipulag fyrir þennan vegarkafli með þessum forsendum og hvetur til þess að framkvæmdir hefjist hið fyrsta. Guðbergur Reynisson og Gunnar Felix Rúnarsson sitja hjá við afgreiðslu málsins.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:04.



## Fundargerð

387. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanessbæjar, haldinn að Grænásbraut 910  
17. apríl 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur Reynisson, Gunnar Felix Rúnarsson og Helga María Finnbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Andrea Elísabet Ragnarsdóttir fulltrúi ungmennaráðs, Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Hafnargata 44 - deiliskipulag (2021100132)

Pórhallur Garðarsson frá Tækniþjónustu SÁ og Bjarni Már Bjarnason frá Faxafelli ehf. mættu á fundinn og fylgdu eftir tillögu að deiliskipulagi fyrir Hafnargötu 44.

Umhverfis- og skipulagsráð þakkar fyrir samtalið og leggur mikla áherslu á að vandað sé vel til verka á þessu mikilvæga svæði í miðbæ sveitarfélagsins.

### 2. Helguvíkurhöfn - breyting á deiliskipulagi (2025120206)

Breyting á deiliskipulagi Helguvíkur fyrir hafnarsvæðið, viðlegukant og lóð fyrir skipaolútanka. Auglýsing tillögu er lokið. Samantekt umsagna og viðbrögð sveitarstjórnar lögð fram.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir deiliskipulagsbreytinguna og að hún verði afhent HMS til endanlegrar afgreiðslu.

### 3. Fitjar AT12 - aðal- og deiliskipulagsbreyting (2026030326)

atNorth leggja fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi og ósk um breytingu á aðalskipulagi. Óskað er eftir að deiliskipulagsreitir nái að Hafnavegi til vesturs með nýrri lóð. Aðalskipulagssvæðið AT12 stækki jafnframt og byggingarheimildir aukist sömuleiðis.

Umhverfis- og skipulagsráð vísar tillögunni til endurskoðunar aðalskipulags.

### 4. Valhallarbraut 868 - breyting á deiliskipulagi (2026030612)

Verne Global leggur fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi. Sótt er um breytingar á skilgreindum byggingarreitum og -heimildum fyrir lóðina: Reitur 301 verði stækkaður til suðurs og vesturs og reitir 401 og 501 sameinaðir í einn, samanlagt minni reit, 401, og byggingamagn minnkað. Heildarbyggingamagn á skipulagsreit er 77.100 m<sup>2</sup> en verði 71.531 m<sup>2</sup>.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að breyting á deiliskipulagi samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga verði auglýst.

## 5. Stapabraut 21 (2025110042)

Breyting á deiliskipulagi fyrir Stapabraut 21. Gert er ráð fyrir að núverandi bygging, sem stendur að stærstum hluta innan byggingarreitar A, standi áfram. Þá er í breytingunni gert ráð fyrir viðbyggingu vestan við núverandi byggingu. Auglýsingu deiliskipulagsbreytingar samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga er lokið. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja bendir á að þar sem lóðin er á verslunar- og þjónustusvæði gæti það girt fyrir að embættið geti samþykkt rétthafabreytingu og/eða nýja starfsemi fyrir bifreiðapvott, bifreiðaverkstæði, bifreiðasprautun og/eða smurþjónustu á umræddum reit.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir deiliskipulagsbreytinguna og að hún verði afhent HMS til endanlegrar afgreiðslu.

## 6. Seylubraut 1 - auglýsingaskilti (2026020413)

Sótt er um byggingarleyfi fyrir skilti á suðausturenda lóðar sbr. uppdrætti Verkfræðistofu Suðurnesja dags. 17. febrúar 2026. Umsögn frá Vegagerðinni liggur fyrir.

Vegagerðin heimilar ekki skiltið með vísun til 90. gr. umferðarlaga. Umhverfis- og skipulagsráð hafnar erindinu.

## 7. Bolafótur - breyting á deiliskipulagi (2019051640)

Bolafótur Fasteignir ehf. óskar heimildar til að stækka skipulagssvæðið og fjölga íbúðum úr 27 í allt að 40 með því að bæta við þremur nýjum raðhúsalóðum.

Um mikilvægt og viðkvæmt svæði er að ræða. Umhverfis- og skipulagsráð felur skipulagsfulltrúa að kanna hug íbúa til mögulegra breytinga.

## 8. Heiðarbrún 15 (2026030477)

Sigurgeir R. Jóhannsson sækir um byggingarleyfi í umfangsflokki I fyrir breytingum úti sem felast í stækkun á aðkomusvölum, nýjum útitröppum og steiptum skjólveggjum sbr. aðaluppdrætti JeES arkitekta dags. 2. nóvember 2025, breytt 25.mars 2026.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir umsóknina með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 2. Jafnframt heimilar ráðið að tímabil grenndarkynningar verði stytta ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 3, hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd.

## 9. Sjávargata 33A (2026020027)

Glóra ehf. leggur fram breyttan uppdrátt f.h. Skýr fjárfestingar ehf. en óskað er eftir að íbúðum sé fjölgað úr 10 í 17. Sama erindi var grenndarkynnt með athugasemdarfresti til 1. janúar 2022, en þar sem erindinu var ekki fylgt eftir með byggingarleyfisumsókn innan árs frá afgreiðslu á fundi umhverfis- og skipulagsráðs nr. 343, staðfest í bæjarstjórn 17. september 2024, er afgreiðslan fallin úr gildi.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir umsóknina með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 2. Jafnframt heimilar ráðið að tímabil grenndarkynningar verði stytta ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 3, hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd.

#### 10. Þórustígur 22 (2026040109)

Um er að ræða viðbyggingu við núverandi bílageymslu að Þórustíg 22 í Reykjanesbæ. Fyrirhugað er að taka niður núverandi bílageymslu (40 m<sup>2</sup>) og byggja tvær íbúðir. Stærð íbúða verður samtals 90,5 m<sup>2</sup>.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

#### 11. Njarðvíkurheiði – urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang - framkvæmdaleyfi (2026030325)

Deildarstýra umhverfismála óskar eftir framkvæmdaleyfi f.h. Reykjanesbæjar vegna þriggja borhola. Borholurnar eru til að fylgjast með ástandi grunnvatns, skv. starfsleyfi urðunarstaðar. Meðfylgjandi umsókn er starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar fyrir urðunarstað og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja fyrir jarðborun.

Framkvæmdin samræmist skilmálum aðalskipulags og hefur engin varanleg áhrif. Fallið er frá grenndarkynningu. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir framkvæmdaleyfið samkvæmt 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga.

#### 12. Ægisgata, lagnir - framkvæmdaleyfi (2026040165)

Reykjanesbær óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna fráveitulagnar við Ægisgötu í samræmi við gögn frá Tæknipjónustu SÁ.

Framkvæmdin samræmist skilmálum aðalskipulags og er fallið frá grenndarkynningu. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir framkvæmdaleyfið samkvæmt 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga.

#### 13. Reykjaneshöll - aðkoma (2026040133)

Umhverfis- og skipulagsráð leggur fram tillögu f.h. Reykjanesbæjar að breyttri aðkomu frístundabíls og stærri ökutækja, t.d. langferðabíla, við Reykjaneshöll til þess að bæta öryggi barna.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að aðkoman verði sunnan megin Reykjaneshallar og felur deildarstýru umhverfismála að fylgja málinu eftir.

#### 14. Fornverk í Höfnum - grjóthleðslunámskeið (2026030455)

Í tengslum við námskeiðaröðina Fornverk í Höfnum verður haldin vinnustofa í listsköpun úr náttúrugrjóti undir leiðsögn bandaríska steinlistamannsins Dan Snow. Óskað er eftir leyfi til að reisa náttúruverk á landi Reykjanesbæjar. Menningar- og þjónusturáð gerir ekki athugasemd við erindið og vísar því til umhverfis- og skipulagsráðs til frekari umræðu.

Lagt fram. Umhverfis- og skipulagsráð hefur þegar samþykkt þann hluta sem að ráðinu snýr á fundi nr. 385, 9. mál, Réttarvegur í Höfnum – tímabundin afnot af landi.

#### 15. Fuglavík 25 - umsókn um lóð (2026030508)

Birkir Már Benediktsson sækir um lóðina Fuglavík 25 f.h. FIX ehf.

FIX ehf. er úthlutað lóðin Fuglavík 25, en bent á að áætlað er að lóðin verði fullbyggingarhæf í júlí 2026 þegar gatnagerð er lokið.

**16. Afgreiðslufundir byggingarfulltrúa (2026010307)**

Fundargerðir 398. og 399. afgreiðslufunda byggingarfulltrúa lagðar fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:50.



## Fundargerð

453. fundur velferðarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910  
9. apríl 2026, kl. 13:00

Viðstaddir: Sigurrós Antonsdóttir formaður, Andri Fannar Freysson, Birna Ósk Óskarsdóttir, Eyjólfur Gíslason og Unnar Stefán Sigurðsson.

Að auki sátu fundinn Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, teymisstjóri virkni- og ráðgjafarteymis og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Frumkvæðisathugun á vinnslu barnaverndarmála - niðurstöður og drög að úrbótaáætlun (2026030114)

Henný Úlfarsdóttir teymisstjóri barnaverndarþjónustu mætti á fundinn.

Niðurstöður frumkvæðisathugunar Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála lagðar fram. Skipað hefur verið úrbótateymi og vinna hafin við gerð úrbótaáætlunar sem lögð verður fyrir Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála eigi síðar en 29. apríl 2026. Stefnt er að því að innleiðingu úrbóta verði lokið fyrir árslok 2026.

### 2. Starfsáætlun farsældarráðs Suðurnesja 2026 og Ávísun á farsæld (2025060040)

Hjördís Eva Þórðardóttir, verkefnastjóri farsældar barna á Suðurnesjum, mætti á fundinn og kynnti starfsáætlun farsældarráðs Suðurnesja fyrir árið 2026. Auk þess kynnti hún verkefnið Ávísun á farsæld, heildstætt þróunarverkefni sem sameinar heilsugæslu, skólakerfið, frístundir, íþróttir og fjölskyldur barna. Markmiðið er að fjölga úrræðum á fyrsta stigi og efla enn frekar heilðrænan stuðning við börn og fjölskyldur á Suðurnesjum.

Velferðarráð þakkar Hjördísi fyrir góða kynningu.

Velferðarráð telur mikilvægt að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga styðji betur við uppbyggingu og þjónustu svæðisins. Í samanburði við framlög til annarra landshluta er áberandi hversu lág framlög Jöfnunarsjóðs til Suðurnesja eru.

### 3. Reglur um fjárhagsaðstoð – tillaga til breytingar (2022010182)

Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, teymisstjóri virkni- og ráðgjafarteymis, lagði fram tillögu að breytingu á 23. grein reglna Reykjaneshæjar um fjárhagsaðstoð. Lagt er til að velferðarsvið Reykjaneshæjar gefi út ábyrgðaryfirlýsingar í stað lánveitinga vegna tryggingar á húsaleigu.

Velferðarráð samþykkir breytingu á 23. grein í reglum Reykjaneshæjar um fjárhagsaðstoð í samræmi við framlagða tillögu.

#### 4. Ársskýrsla og mælaborð velferðarsviðs 2025 (2025060044)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs kynnti ársskýrslu og mælaborð velferðarsviðs fyrir árið 2025.

#### 5. Fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur - tölulegar upplýsingar (2026020248)

Tölulegar upplýsingar vegna fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í mars 2026 lagðar fram.

##### Fjárhagsaðstoð

Í mars 2026 fengu 92 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 12.799.875 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali um 139.129 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð voru 22.

Í mars 2025 fengu 147 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 22.913.515 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali 155.874 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð voru 53.

##### Sérstakur húsnæðisstuðningur

Í mars 2026 fékk 271 einstaklingur greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Samtals voru greiddar 6.861.874 kr.

Í mars 2025 fengu 264 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins, samtals 6.689.664 kr.

##### Áfrýjunarnefnd

Í mars 2026 var haldinn einn fundur áfrýjunarnefndar. 6 mál voru lögð fyrir nefndina. Þrjú erindi voru samþykkt, tveimur erindum synjað og einu erindi frestað.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:51.



## Fundargerð

395. fundur menntaráðs Reykjanessbæjar, haldinn að Grænásbraut 910  
10. apríl 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Harpa Björg Sævarsdóttir, Ríkharður Ibsen og Sighvatur Jónsson.

Að auki sátu fundinn Hlynur Jónsson fulltrúi skólastjóra grunnskóla, Ingunn Rós Valdimarsdóttir fulltrúi grunnskólakennara, Ólöf Magnea Sverrisdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Maciej Baginski fulltrúi foreldra leikskólabarna, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Menntaráð samþykkir að taka á dagskrá málið Innritun í leikskóla (2026020073). Fjallað verður um málið undir dagskrárlið 5.

\* \* \*

### 1. Framkvæmdir í Holtaskóla og Myllubakkaskóla (2024040176)

Magnþór Breki Ragnarsson, verkefnastjóri viðhalds og nýframkvæmda, mætti á fundinn og kynnti stöðu framkvæmda í húsnæði Holtaskóla og Myllubakkaskóla.

Menntaráð þakkar fyrir greinargóðar upplýsingar um stöðu uppbyggingar grunnskólanna og myndræna kynningu á framkvæmdunum með þrívíddarmyndum. Ánægjulegt er að sjá hversu vel framkvæmdirnar ganga.

### 2. Lausar kennslustofur við Ösp - þarfagreining (2026040080)

Þarfagreining og rökstuðningur frá Rafni Markúsi Vilbergssyni skólastjóra Njarðvíkurskóla vegna beiðni um viðbótarhúsnæði við Ösp, sérhæft námsúrræði fyrir fatlaða nemendur, lögð fram.

Menntaráð tekur undir þarfagreiningu og rökstuðning skólastjóra Njarðvíkurskóla um mikilvægi þess að fá viðbótarhúsnæði við Öspina og samþykkir fyrir sitt leyti. Menntaráð vísar þarfagreiningunni til nánari umræðu í bæjarráði.

### 3. Skólavellir - nýting skólaárið 2026-2027 (2026030248)

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs lagði fram tillögu um nýtingu Skólavalla, húsnæðis á malarvellinum við Hringbraut, fyrir skólaárið 2026-2027. Gert er ráð fyrir að allt almennt bekkjarstarf Holtaskóla fari fram í aðalbyggingu skólans frá og með hausti 2026 og er lagt til að um það bil helmingur húsnæðis Skólavalla verði nýtt fyrir starfsemi frístundaheimilis Holtaskóla skólaárið 2026-2027.

Menntaráð tekur undir rökstuðning sviðsstjóra menntasviðs varðandi nýtingu á Skólavöllum undir frístundastarf Holtaskóla fyrir skólaárið 2026-2027 og samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti. Ætla má að miðað við byggingaráætlun skólans geti frístundastarfið flutt inn í Holtaskóla haustið 2027. Menntaráð vísar þarfagreiningunni til nánari umræðu í bæjarráði.

Ríkharður Ibsen sat hjá við afgreiðslu málsins.

#### 4. Skóladagatöl grunnskóla 2026-2027 (2026030332)

Skóladagatöl allra grunnskóla Reykjanesbæjar fyrir skólaárið 2026-2027 lögð fram.

Menntaráð staðfestir skóladagatölin. Þau verða birt á heimasíðum skólanna.

#### 5. Innritun í leikskóla (2026020073)

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs fór yfir stöðu innritunar í leikskóla Reykjanesbæjar.

Meirihluti menntaráðs fagnar því að öllum börnum fæddum 2024 hafi verið boðið leikskólapláss. Leikskólafulltrúi ásamt leikskólastjórum vinna að því að greina laus pláss í leikskólum sveitarfélagsins til að bjóða næst börnum fæddum 2025 inngöngu. Niðurstöðu úr þeirri vinnu má vænta í lok aprílmánaðar.

Harpa Björg Sævarsdóttir og Ríkharður Ibsen (D) lögðu fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar D-lista fagna því að embættismenn og starfsmenn Reykjanesbæjar séu að bregðast vel við þeirri gagnrýni sem hefur verið á stöðu leikskólamála í sveitarfélaginu. Ljóst er að það verður áskorun að koma þessum málum í gott horf. Brýnt er að fylgja þessari vinnu eftir svo við sjáum betri tölfræði og stöðu sem til stendur að kynna í maí.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:55.



## Fundargerð

307. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjaneshafnar haldinn á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, fimmtudaginn 16. apríl 2026, kl. 16:00

Viðstaddir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Jón Már Sverrisson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarviðs.

\* \* \*

### 1. Fjármál Reykjaneshafnar (202512011)

Farið yfir fjárhagsstöðu Reykjaneshafnar en höfnin stendur í miklum fjárfestingum næstu mánuðina, aðallega vegna uppbyggingar í Njarðvíkurhöfn. Þessar fjárfestingar greiðast af handbæru fé hafnarinnar og er ekki þörf á langtímafjármögnun þeim tengdum. Þó getur komið upp á að það gangi hratt á handbært fé tímabundið vegna góðrar framvindu verkefna og því ákjósanlegt að auka fjárhagslegt svigrúm hafnarinnar. Því er lagt til að óskað verði eftir því við viðskiptabanka hafnarinnar að hann auki yfirdráttarheimild hafnarinnar um 30 milljónir tímabundið í sex mánuði meðan mesti þunginn er í framkvæmdum ársins.

*Atvinnu- og hafnarráð samþykkir að óska eftir því við viðskiptabanka hafnarinnar að hann auki yfirdráttarheimild Reykjaneshafnar tímabundið um 30 milljónir til næstu sex mánaða.*

### 2. Starfsmannamál Reykjaneshafnar (2025050171)

Á 297. fundi atvinnu- og hafnarráðs sem haldinn var 15. maí 2025 var samþykkt að fela sviðsstjóra að koma með tillögu að framtíðartilhögun í starfsmannahaldi Reykjaneshafnar með hliðsjón af þeirri aukningu í hafnarstarfsemi sem fyrirsjáanleg er á komandi árum. Til aðstoðar við þá vinnu var fyrirtækjaráðgjöf PwC ehf. fengin til að koma með tillögur að nýju vaktakerfi fyrir höfnina. Á 304. fundi atvinnu- og hafnarráðs sem haldinn var 22. janúar sl. voru drög að nýju vaktakerfi kynnt sem eykur þjónustugetu hafnarinnar umtalsvert og mætir þar með aukinni hafnarstarfsemi í framtíðinni. Þetta nýja vaktakerfi kallar á aukningu í almennum stöðugildum hjá höfninni úr þremur starfsmönnum upp í fjóra starfsmenn og var sviðsstjóra falið að ráða starfsmann tímabundið, með möguleika á áframhaldandi ráðningu, svo hægt væri að taka upp fyrrnefnt vaktakerfi til reynslu. Vinna samkvæmt nýja vaktakerfinu hófst um síðustu mánaðarmót.

*Atvinnu- og hafnarráð lýsir ánægju sinni með nýtt vinnufyrirkomulag og telur að með þessu fyrirkomulagi ráði þjónustugeta hafnarinnar við aukið álag í framtíðinni og að vinnuumhverfi starfsmanna verði jafnframt til mikilla bóta.*

### 3. Njarðvíkurhöfn – brimvarnargarður (2023080391)

Lagðar fram verkfundargerðir 5. og 6. funda frá 25. mars og 7. apríl 2026 ásamt verkstöðuyfirlitum.

**4. Njarðvíkurhöfn - skipulag (2025110300)**

Farið yfir stöðu mála við vinnslu á aðal- og deiliskipulagi í og upp af Njarðvíkurhöfn. Jafnframt skoðaðar ýmsar útfærslur í tengslum við vegtengingar inn á svæðið.

**5. Helguvíkurhöfn - Suðurbakki (2024040273)**

Farið yfir stöðu mála vegna uppbyggingar á Suðurbakka Helguvíkurhafnar en þar er skipulagsvinnunni að ljúka.

**6. Helguvíkurhöfn - Vesturbakki (2026040135)**

Lagt fram minnisblað frá Portum verkfræðistofu ehf., dags. 1. apríl 2026, varðandi uppbyggingu á bryggju við Vesturbakka Helguvíkurhafnar.

**7. Cruise Iceland 2026 (2026030293)**

Lögð fram kynning frá aðalfundi Cruise Iceland sem fór fram fimmtudaginn 12. mars sl.

**8. Virðisaukaskattskylda skemmtiferðaskipa (2026020459)**

Lagt fram minnisblað frá Hafnasambandi Íslands, dags. 9. apríl 2026, um virðisaukaskattskyldu skemmtiferðaskipa.

**9. Hafnasamband Íslands - fundargerð stjórnar 17. mars 2026 (2026020458)**

Lögð fram fundargerð 481. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands frá 17. mars 2026.

**10. Verk og vit 2026 (2025090373)**

Lögð fram drög að minnisblaði, ódagsett, frá KADECO þar sem farið var yfir aðkomu KADECO, Suðurnesjabæjar, Reykjanesbæjar og Reykjaneshafnar að ráðstefnunni Verk og vit 2026 sem fram fór í Laugardalshöll dagana 19.-22. mars sl.

*Atvinnu- og hafnarráð telur aðkomu Reykjaneshafnar að sameiginlegum kynningarbás með KADECO, Suðurnesjabæ og Reykjanesbæ á sýningunni Verk og vit mjög jákvæða. Ráðið telur þó að í framtíðinni þurfi markmiðið með þátttöku að vera betur skilgreint og aðkoma samstarfsaðila í fastari skorðum.*

**11. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2026010379)**

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnar sviðs, fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:40.